**Ólafur S. Ástþórsson**
**Forstjóri Hafrannsóknastofnunar**

10. júní 2016

*Nytjastofnar sjávar 2015/2016*
*Aflahorfur fiskveiðiárið 2016/2017*

Landssambands smábátaeigenda hefur haft skoðunar nýútkomna skýrslu Hafrannsóknastofnunar sem kynnt var í gær 9. júní. Það eru LS mikil vonbrigði að skýrslan beri með sér upplýsingar um lækkun á hrygningar- og veiðistofni. Niðurstöðurnar ganga þvert á upplifun sjómanna.

Í skýrslunni er lækkun veiðistofns sögð stafa að eftirfarandi:

> *„Meðalþyngd eftir aldri í afla hefur aukist undanfarin ár og var árið 2015 nálægt langtímameðaltali (1955-2015). Þyngdir 3-9 ára í stofnmælingum árið 2016, sem eru notaðar til að spá um þyngdir í viðmiðunarstofni árið 2016 eru nokkuð lægri en verið hefur síðustu árin.“*

Ekki er sérstaklega getið um ástæður mikillar lækkunar á hrygningarstofninum.

Vegna framangreinds hefur LS ákveðið að óska svara Hafrannsóknastofnunar við eftirfarandi spurningum.

1. Hvaða ástæður telur stofnunin vera fyrir því að 3 - 9 ára þorskar mælast léttari en gert var ráð fyrir?

   **Svar Hafrannsóknastofnunar:**

   *Aflamark er reiknað út frá stærð viðmiðunarstofns (lífmassi 4 ára og eldri) í upphafi árs. Stofnstærðin er reiknuð út frá summu margfeldis af áætluðum fjölda fiska í upphafi árs og áætlaðri meðalþyngd eftir aldri í afla. Meðalþyngd eftir aldri í afla er áætluð út frá sambandi milli mældra meðalþyngda í stofnmælingu að vori og meðalþyngda í afla sama ár. Þannig eru meðalþyngdir til útreikninga á stærð viðmiðunarstofns í ársbyrjun 2016 metnar út frá framangreindu sambandi á grundvelli mældra meðalþyngda í mars 2016. Meðalþyngdir í afla metnar með þessum hætti fyrir árið 2016 eru síðan notaðar við útreikninga á viðmiðunarstofni 2017. Þannig að árið 2015 þegar áætlað var hver stofnstærð yrði í upphafi árs 2016 voru notaðar sömu meðalþyngdir eftir aldri í afla og metnar voru fyrir 2015 og þær því augljóslega nokkurri óvissu háðar.*

*Meðalþyngd eftir aldri í stofnmælingu í mars var í lágmarki á árunum 2001-2007 og hefur farið vaxandi síðan og verið um og yfir langtímameðaltali en í vor mældist lækkun hjá 5 ára fiski og yngri, mest hjá 5 ára og skiptir sú lækkun mestu máli varðandi lækkun áætlaðrar stofnstærðar 2016. Þessi lækkun kom einnig fram í stofnmælingu að hausti 2015 þá 4 ára þorskur (2011 árgangurinn). Því miður höfum við ekki skýringu á þessari lækkun. Meira var af loðnu í þorskmögum hjá þorski minni en 80 cm en undanfarin ár í stofnmælingunni í mars og magn fæðu í mögum í haustralli 2015 var síst minna en undanfarin ár. Ekki liggja fyrir niðurstöður úr fæðurannsóknum úr afla frá 2015.*

2. Hefur Hafrannsóknastofnun í hyggju að bregðast við með einhverjum hætti til að auka æti þorsksins, t.d. með því að draga stórlega úr veiðum á loðnu?

**Svar Hafrannsóknastofnunar:**

*Engar áætlanir eru um það að veita á næstu misserum fjölstofna ráðgjöf sem tæki mið af því að hámarka fæðuframboð fyrir þorsk. Hinsvegar er rétt að fram komi að í nýrri aflareglu til ákvörðunar aflamarks í loðnu er nú tekið tillit til afráns þorsk frá mælingu í upphafi árs fram að hrygningu.*

3. Hvað hefði veiðistofn þorsks verið stór ef eingöngu væri tekið mið af meðalþyngd í afla hvers árgangs en ekki af þyngd 3 - 9 ára í stofnmælingu (togararalli)?

**Svar Hafrannsóknastofnunar:**

*Gert er ráð fyrir að hér sé átt við að nota sömu meðalþyngdir og mældust í afla 2015 fyrir árið 2016. Ef það er gert er reiknuð stærð viðmiðunarstofns í ársbyrjun 2016 um 1365 þús. tonn.*

4. Hverjar telur stofnunin ástæður þess að hrygningarstofn minnkar milli ára?

**Svar Hafrannsóknastofnunar:**

*Meðalþyngd eftir aldri yngri aldurshópa í hrygningarstofni hefur lækkað aðeins en mestu máli skiptir hér að hlutfall kynþroska í hverjum aldursflokki mældist nokkuð lægra í stofnmælingunni í vor samanborið við vorið 2015.*